



## Jafnlaunastefna Grýtubakkahrepps

Grýtubakkahreppur leggur metnað sinn í að tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, þannig að ómálefnalegur eða kynbundinn launamunur sé ekki til staðar. Umfang jafnlaunastefnunnar tekur til allra starfsmanna hreppsins.

Markmið Grýtubakkahrepps er að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem konur og karlar hafa jöfn tækifæri í starfi. Jafnlaunastefnan byggist m.a. á gildandi Jafnréttisáætlun Grýtubakkahrepps. Sett eru markmið um mælanlegan árangur stefnunnar sem eru endurskoðuð árlega á rýnifundum stjórnenda.

Vottunaraðili gerir árlega úttekt á jafnlaunastefnu og kerfi Grýtubakkahrepps. Geri vottunaraðili á einhverjum tímamarki athugasemdir varðandi launasamsetningu einhverra starfa mun samsetning vera endurskoðuð í kjölfar ábendingar og lagfærð eftir því sem við á.

Grýtubakkahreppur hefur skjalfest, innleitt, og heitir því að viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfis í samræmi við kröfur ÍST85:2012 staðalsins.

Grýtubakkahreppur hefur í þessu samhengi innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Grýtubakkahreppur skuldbindur sig til að framfylgja jafnlaunastefnunni í hvívetna.

Á grunni nýs lagaramma hefur Grýtubakkahreppur skuldbundið sig til að:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85, það verði skjalfest og því viðhaldið.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Jafnlaunakerfið byggist á sífelldri endurskoðun og umbótum, auk þess að bregðast við óútskýrðum launamun með markvissum viðbrögðum og tímasettum úrbótum.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum Grýtubakkahrepps. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á heimasíðu hreppsins, [www.grenivik.is](http://www.grenivik.is).

Uppfærsla, september 2020

*Staðfest í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 18.05.2020.*